

settur í húsinu nr. 45 á Fossvogsblettum og haldinn af fulltrúa borgarfógeta Þorsteini Thorarensen ásamt undirrituðum vottum. Fyrir var tekið málið Herbert Pangritz gegn Valdimar Auðunssyni.

Gerðarþoli, sem á hér heima, er ekki mættur.

Af hans hálfu mætir kona hans, Þuríður Ingjaldsdóttir, og kveðst ekki greiða, en bendir á til fjárnáms bílinn nr. R 1545.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í bifreiðinni R 1545 og skýrði þýðingu þess fyrir mætri.

---

Föstudaginn 29. janúar 1960.

Nr. 92/1959. **Björn H. Jónsson,**  
**Þórunn Franz og**  
**Valdimar Auðunsson** (Páll S. Pálsson hrl.)  
 gegn  
**Magdalenu Mellahn** (Sigurður Ólason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Vinnulaun. Staðfesting fjárnáms.

### Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógeta, hefur framkvæmt fjárnám það, sem áfrýjað er.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. maí 1959. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda, að hin áfrýjaða fjárnámssgerð verði úr gildi felld og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hinna áfrýjuðu dómsathafna og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjendum in solidum.

Samkvæmt forsendum héraðsdóms ber að staðfesta hann svo og hina áfrýjuðu fjárnámssgerð.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjendur greiði in solidum stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

## Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð eiga að vera öröskuð.

Áfrýjendur, Björn H. Jónsson, Þórunn Franz og Valdimar Auðunsson, greiði in solidum stefnda, Magdalenu Mellahn, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

## Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. marz 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hefur Lilli Mellahn, Grettisgötu 82 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 18. marz 1958, gegn Birni H. Jónssyni, Leifsgötu 23, Valdimar Auðunssyni, Ránargötu 7, og Þórunni Franz, Lindargötu 27, öllum í Reykjavík, til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 48.882.72 með 6% ársvöxtum frá birtingardegi stefnu til greiðsludags, 6% fjárhæðarinnar í orlof og málskostnaðar að skaðlausu.

Við hinn munnlega flutning málsins gerði stefnandi þá kröfu til vara, að stefndu verði dæmd til greiðslu annarrar lægri fjárhæðar að mati dómarsins.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hennar, en til vara, að þau verði dæmd til að greiða kr. 3.750.00 og að málskostnaður falli niður.

Við hinn munnlega flutning málsins hafði lögmaður stefndu uppi kröfu um það, að málinu verði vísað frá dómi, en hann féll frá þeirri kröfu, áður en málflutningi lauk. Krafðist hann aðallega sýknu, en til vara lækkunar á dómkröfum stefnanda svo og málskostnaðar úr hendi.

Málsatvik eru þau, að með samningi, dags. 1. marz 1957, var stefnandi ráðin til sælgætisgerðarinnar við Tunguveg 17, eign stefndu. Samningstímabilið var ákveðið tvö ár, frá 1. marz 1957 að telja. Hinn 27. febrúar 1952 var stefnanda sagt upp starfi með einnar viku fyrirvara.

Stefnandi telur uppsögnina ólögmeta. Samningurinn hafi verið óuppsegjanlegur á samningstímabilinu. Beri sér því laun úr hendi stefndu út allt samningstímabilið, eða til 1. marz 1959. Samkvæmt samningnum hafi laun hennar verið ákveðin kr. 3000.00 á mán-

uði, miðað við gildandi kaupgjaldsvísitölu í upphafi samnings- tímabilsins, en skyldu hækka eða lækka í samræmi við breytingar á henni og kauptaxta viðeigandi iðn- og verkalýðsfélaga. Breytingar hafi orðið til hækkunar að þessu leyti, og miðað við þær hafi laun stefnanda numið frá því í september 1957 kr. 3.273.87 á mánuði. Laun hennar út samningstímabilið nemi því samtals kr. 39.286.44. Auk þessa hafi stefnandi átt hjá stefndu ógreidd laun fyrir mánuðina janúar og febrúar 1958 og hluta af desember 1957, svo og kaupgjaldsvísitölu- og kauptaxtahækk- anir frá maímánuði 1957, samtals að fjárhæð kr. 9.596.28.

Varakrafa stefnanda er á því byggð, að ef hún verði ekki talin eiga rétt til fullra launa úr hendi stefndu út samningstímabilið, þá beri henni einhverjar bætur fyrir hina ólögsmætu uppsögn auk hinna ógreiddu launa sinna fyrir uppsögnina.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi stór- lega vanefnt vinnusamning aðiljanna. Hafi hún vanrækt að mæta til vinnu á réttum tíma, og hafi það gengið svo langt að hún hafi verið hætt að mæta til vinnunnar, er henni hafi verið sagt upp starfi. Telja stefndu vanefndir stefnanda slíkar, að þeim beri bætur úr hendi hennar, er nemi að minnsta kosti þeirri fjár- hæð, sem stefnandi á hjá stefndu sem ógreidd vinnulaun. Í ann- an stað byggja stefndu sýknukröfuna á því, að það ákvæði í samningi Iðju, félags verksmiðjufólks, við Félag íslenzkra iðn- rekenda, að iðnrekanda sé eigi skylt að greiða starfsfólki laun, ef vinna falli niður um lengri eða skemmri tíma vegna rekstrar- stöðvunar af völdum hráefnissskorts, eigi einnig við í samskiptum aðiljanna, þótt þess sé eigi getið í samningi þeirra. Sælgætisgerð stefndu hafi stöðvazt af þessum sökum, og því hafi uppsögnin verið stefndu heimil.

Varakrafa stefndu er á því byggð, að stefnandi hafi fengið aðra vinnu, mjög skömmu eftir að starfi hennar lauk hjá stefndu, og hafi hún ekki sýnt fram á það, að hún hafi orðið fyrir tjóni.

Í samningi aðiljanna segir m. a.: „Starf Lilli Mellahn skal í því fólgið, að vera til aðstoðar herra Pangritz og vinna öll nauð- synleg störf við framleiðsluvörur verksmiðjunnar“ .... „Kaup Lilli Mellahn skal vera kr. 3.000.00 á mánuði“ .... „Kaup er miðað við þá kaupgjaldsvísitölu, er nú gildir, en hækki hún eða hækki kauptaxti viðeigandi iðn- eða verkalýðsfélaga, þá skal kaup hækka í samræmi við það. Samningur þessi gildir í tvö ár frá 1. marz 1957 að telja. Verði honum ekki sagt upp með 3ja mán- aða fyrirvara, skal hann framlengjast af sjálfu sér í 3 mánuði

í senn. Almennur uppsagnarfrestur af beggja aðilja hálfu, vinnuveitanda og vinnuþegna, er 3 mánuðir.“

Aðiljar hafa gefið skýrslu fyrir dómi. Stefnandi kvaðst hafa skilið uppsagnarákvæði samningsins á þann veg, að þriggja mánaða fresturinn kæmi ekki til greina, fyrr en að liðnu tveggja ára samningstímabilinu, og hafi það verið sameiginlegt álit allra samningaðiljanna. Af þessum sökum hafi hún unnið áfram, eftir að henni hafði verið sagt upp starfinu, til þess að gerast ekki brotleg við samninginn. Hún kvað rekstursstöðvun hafa verið í verksmiðjunni, og hafi verksmiðjan verið lokuð. Stefnandi kvaðst hafa hætt vinnu einhverntíma milli 11. og 18. febrúar 1958, þar eð hún hafi þá verið orðin peningalaus og hafi þurft að fara að vinna sér inn eitthvað annars staðar, en það hafi verið eftir að henni hafi verið ljóst, að verksmiðjan var lokuð. Hún kvaðst hafa stundað vinnu sína hjá stefndu vel og samvirkusamlega. Hún kvaðst hafa byrjað í annarri vinnu hinn 25. marz 1958.

Stefndi Björn H. Jónsson kvaðst hafa skilið samning aðiljanna varðandi uppsögn þannig, að hvorum aðilja hans um sig hafi verið heimilt að segja honum upp á samningstímabilinu með 3ja mánaða fyrirvara. Hann kvað hráefnaskort hafa verið í verksmiðjunni um það leyti, sem stefnanda var sagt upp starfi. Hann kvað hráefni hafa komið til verksmiðjunnar skömmu eftir áramótin 1957—1958, en þá hafi verið búið að taka ákvörðun um það að hætta rekstri verksmiðjunnar. Stefnandi Björn kvaðst hafa komið í verksmiðjuna mannlausu morgun einn um kl. 9.00. Hafi hann þá sótt stefnanda heim til hennar.

Stefnda Þórunn Franz kvaðst hafa séð um verksmiðjuna í júlí- og ágúst mánuði 1957. Kvað hún stefnanda á því tímabili hafa mætt mjög illa til vinnu. Er stefnda Þórunn hafi átt tal við stefnanda um þetta, hafi hún svarað því til, að meðstefndu Björn og Valdimar hafi veitt henni leyfi til þess að hefja ekki vinnu fyrr en kl. 13.00. Hafi þetta komið fyrir a. m. k. 4—5 sinnum. Kvað stefnda Þórunn stefnanda um það leyti hafa verið að búa sig undir ferð til Þýskalands. Einnig kvað stefnda Þórunn stefnanda hafa verið fjarverandi tvo heila daga á þessu umrædda tímabili.

Eins og fram kemur í skýrslu stefnanda, hefur hún verið hætt vinnu hjá stefndu, skömmu áður en henni er formlega sagt upp starfinu, þar sem rekstursstöðvun hafði verið í verksmiðjunni og hún ekki fengið greidd laun um nokkurt skeið. Það er viðurkennt af stefndu, að hráefnaskortur hafi verið í verksmiðjunni á

Þessum tíma, og fram kemur í skýrslu stefnda Björns, að ákveðið hefði verið að hætta rekstri verksmiðjunnar. Stefndu segja stefnanda upp starfi 27. febrúar 1958 og bera þá ekki fyrir sig sem ástæðu fyrir uppsögninni, að stefnandi hafi rift samningi aðiljanna með því að fara úr þjónustu þeirra, enda hefur því ekki verið mótmælt af þeirra hálfu, að verksmiðjurekstur hafi verið stöðvaður. Og þar sem stefndu hafa ekki gegn mótmælum stefnanda fært sönnur að því, að hún hafi brotið starfsskyldur sínar samkvæmt samningi aðiljanna eða á annan hátt vanrækt starf sitt, verður uppsögn stefnanda úr starfi án bóta því ekki á þeim ástæðum byggð.

Í samningi aðiljanna er ekki minnzt á kjarasamning Iðju, nema að því er tekur til veikindadaga og orlofs. Verður sá samningur ekki talinn gilda um uppsögn, enda eru sérstök ákvæði þar um í samningi aðiljanna. Eins og áður hefur verið rakið, er samningurinn gerður til tveggja ára og ráð fyrir því gert, að hann framlangist að þeim tíma liðnum, verði honum ekki sagt upp með 3ja mánaða fyrirvara. Ákvæði það í samningnum, að almennur uppsagnarfrestur sé þrjú mánuðir, þykir verða að skýra í samræmi við það þannig, að sá frestur eigi að gilda í samskiptum aðiljanna að loknu upphaflega samningstímabilinu. Stefndu var því óheimilt að segja stefnanda upp starfinu með einnar viku fyrirvara, og eru þau bótaskyld gagnvart henni af þeim sökum.

Stefnandi hóf að vinna annað starf, þremur vikum eftir að henni var sagt upp starfi hjá stefndu. Hún hefur ekki sýnt fram á það, hver laun hennar hafi verið frá þeim tíma, er hún hætti þar starfi og út samningstímabil aðiljanna. Þykja bætur til hennar fyrir hina ólögmetu uppsögn með hliðsjón af því, svo og öðru, sem máli skiptir, hæfilega ákveðnar kr. 3.000.00.

Stefndu hafa viðurkennt að skulda stefnanda laun fyrir janúar- og febrúarmánuð 1958 og hluta af desember 1957. Telur stefnandi ógreidd vinnulaun sín fyrir þann tíma nema samtals kr. 9.596.28, og reiknar með í þeirri fjárhæð uppbót vegna hækkunar kaupgjaldsvísitölu og kauptaxta frá maímánuði 1957. Í samningi aðiljanna er gert ráð fyrir greiðslum vegna slíkra breytinga, og þar sem stefndu hafa ekki mótmælt fjárhæð þessari tölulega, ber að taka hana til greina.

Þá ber að taka til greina kröfu stefnanda um 6% orlof af framangreindum fjárhæðum, sbr. 4. gr. laga nr. 39/1943 um orlof.

Niðurstaða málsins verður því sú samkvæmt framansögðu, að stefndu verða dæmd til að greiða stefnanda samtals kr. 12.596.28

með vöxtum eins og krafizt er í stefnu, og 6% fjárhæðarinnar í orlof.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 1.700.00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

#### Dómsorð:

Stefndu, Björn H. Jónsson, Þórunn Franz og Valdimar Auðunsson, greiði eitt fyrir öll og öll fyrir eitt, stefnanda, Lilli Mellahn, kr. 12.596.28 með 6% ársvöxtum frá 18. marz 1958 til greiðsludags, 6% fjárhæðarinnar í orlof og kr. 1700.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

#### Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 4. maí 1959.

Ár 1959, mánudaginn 4. maí, var fógetaréttur Reykjavíkur settur í húsinu nr. 45 á Fossvogsblettum og haldinn þar af fulltrúa borgarfógeta Þorsteini Thorarensen ásamt undirrituðum vottum. Fyrir var tekið málið: Lilli Mellahn gegn Valdimar Auðunssyni. ....

Valdimar Auðunsson, sem á hér heima, er mættur. Hann kveðst ekki greiða skuldina og kveðst munu áfrýja dómnum á rskj. 2, en bendir á til fjárnáms bílinn nr. R 1545.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í bifreiðinni R 1545 og skýrði þýðingu þess fyrir mættum.

---